

## **Fundargerð**

15. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins  
Hvanneyri, 14. maí kl. 13:30-16:20

*Mættir aðalmenn:* Skúli Skúlason, formaður, Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir, Sigurður Már Guðjónsson, Jón Viðar Jónmundsson, Trausti Baldursson.

Aðalsteinn Sigurgeirsson mætti ekki.

Auk þess sat fundinn Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ.

### **1. Samþykkt dagskrár**

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Margrét ritaði fundargerð.

### **2. Fundargerð síðasta fundar**

*Fundargerð frá 14. fundi var samþykkt með einni athugasemd:*

ÁH ítrekaði mikilvægi þess að fjárveitingar til erfðanefndar verði skilgreindar sérstaklega á fjárlögum; sbr. umræður við lið 4 í fundargerð frá 14. fundi.

*Nefndin fól ÁH og SS að gera uppkast að bréfi til SLR vegna fjárframlaga til nefndarinnar þar sem fram komi vilji nefndarinnar vegna málsins. Nefndin vill að skilgreindur verði sérstakur liður á fjárlögum sem starfsemi erfðanefndar og annar kostnaður tengdur málaflokknum muni falla undir. Hægt sé að endurskoða form núverandi stuðningskerfis í þessu sambandi með það að leiðarljósi að nýta stuðningsgreiðslur á markvissari hátt til að tryggja framgang einstakra verkefna.*

### **3. Staða mála frá síðasta fundi**

ÁH og starfsmaður erfðalindaseturs skýrðu frá fundi sem haldinn var með öllum íslenskum fulltrúum í vinnuhópum á vegum NordGen 7.apríl sl. Tilgangur fundarinnar var að ná saman aðilum til skrafs og ráðagerða ásamt því að gera grein fyrir þeim málum sem eru efst á baugi í hverjum málaflokki. Jafnframt að ræða þau verkefni sem eru í gangi og hvernig hægt sé að tengja enn betur starf erfðanefndar starfsemi á vegum NordGen.

### **4. Uppgjör 2009 og framkvæmda- og fjárhagsáætlun 2010**

Formaður fór yfir breytt uppgjör og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Eftir breytingar eru 3.546.000 kr. bundnar í ógreiddum lokagreiðslum og fé til ráðstöfunar á árinu 2010 er: 7.696.924 kr. Aðrar stærðir eru óbreyttar, þ.m.t. óráðstafað fé í árslok 2010 sem er áætlað 2.396.924 kr.

### **5. Afgreiðsla umsókna um styrki til erfðanefndar 2010**

Áður en umræða hófst um styrkumsóknir var rætt um mögulegt vanhæfi einstakra nefndarmanna vegna tengsla þeirra við umsækjendur og/eða einstök verkefni.

*Samþykkt var að viðkomandi nefndarmenn tækju ekki þátt í afgreiðslu umsókna vegna verkefna sem þeir væru tengdir undir þessum lið og var því fylgt eftir við afgreiðslu umsókna.*

Alls bárust 15 umsóknir til erfðanefndar landbúnaðarins að þessu sinni og voru styrkbeiðnir samtals að upphæð kr. 8.930.000 kr.

Umsókn Búnaðarsamtaka Vesturlands er frá árinu 2009 og nær yfir ótilgreindan árafjölda. Hún var endurnýjuð fyrir árið 2010. Styrkgreiðslan er sem fyrr háð yfirlitsskýrslu um ráðstöfun fjármuna.

*Nefndin fjallaði um umsóknirnar og var samþykkt að styrkja eftirtalin fimm verkefni:*

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Sótt um kr.
Guðni Þorvaldsson	Skrásetning gamalla túna	500.000
Helgi Þórsson	Aldingarðurinn í Kristnesi	150.000
Jón Hallsteinn Hallsson	Söfnun hafrasæðis og nýting	700.000
Jón Hallsteinn Hallsson	Heiðrún-ættbók íslenska geitfjárstofnsins	700.000
Samson Bjarnar Harðarson Yndisgróður Lbhí	Gerð mandat lista yfir íslenskar garðplöntur	700.000
<b>SAMTALS</b>		<b>2.750.000</b>

Aðrar umsóknir féllu ekki að verksviði nefndarinnar eða viku í forgangs röð.

## **6. Umfjöllun um ályktun búnaðarþings 2010 varðandi uppruna íslenskra búfjárstofna**

Bændasamtök Íslands óskuðu bréfleiðis þann 9. apríl eftir viðbrögðum Erfðanefndar landbúnaðarins vegna ályktunar Búnaðarþings 2010 (tilv. 2010040022) þar sem skorað var á SLR og Erfðanefnd landbúnaðarins að beita sér fyrir því að íslensk búfjárkyn séu upprunaleg landnámskyn og Ísland því upprunaland þeirra.

Nefndin ræddi um hverjir sjái um að úthluta slíkum viðurkenningum, hvernig best sé að standa að slíku og hvernig þessum málum sé almennt háttað í nágrennalöndum.

*Samþykkt að starfsmaður erfðalindaseturs kynni sér forsendur málsins og leiti til viðeigandi aðila, íslenskra og/eða erlendra sem veitt geta nánari vitneskju um ferlið. BÍ verði upplýst um þá vinnu.*

## **7. Eftirfylgni við stefnumörkun erfðanefndar 2009-2013**

Formaður ræddi að fylgjast þyrfti með reglubundnum hætti með stöðu einstakra verkefna í stefnumörkunaráætluninni. Starfsmaður erfðalindaseturs ræddi þann hluta sem snýr að setrinu í núgildandi verksamningi. Umræður um endurnýjun á verksamningi við ELS og þau atriði sem þar munu verða. Gildistími núverandi samnings rennur úr 31. maí nk.

*Samþykkt að starfsmaður ELS geri yfirlit yfir allar aðgerðir og verkefni sem listuð eru í stefnumörkunaráætluninni til að auðvelda yfirsýn einstakra atriða. Einnig að nýr verksamningur við setrið kveði á um samningu verndaráætlunnar fyrir geitfjárstofninn sem síðan geti nýst sem n.k. framtíðarmódel fyrir aðrar slíkar áætlanir.*

## **8. Viðburðir í tengslum við ár líffræðilegrar fjölbreytni**

Formaður ræddi fyrirhugað málþing, sbr. samþykkt frá síðasta fundi. Formaður kynnti jafnframt bréf frá Þorsteini Tómassyni, SLR þar sem áhersla var lögð á sjálfbæran nýtingarþátt landbúnaðar við undirbúning málþingsins.

Umræður um skipulag og tímasetningu málþingsins.

*Samþykkt að erfðanefnd landbúnaðarins standi fyrir hálf dags málþingi á haustdögum 2010 þar sem starf nefndarinnar og hlutverk hennar verði kynnt ásamt erindum um ákveðna málaflokka sem heyra undir nefndina. Fyrirlesarar komi bæði úr röðum nefndarmanna og sérfræðinga á einstökum sviðum. Jafnframt verði ný og eldri verkefni sem nefndin hefur komið að kynnt á veggspjöldum. Markmiðið sé að hafa áhugaverða kynningu á starfi erfðanefndar og viðfangsefnum hennar í tengslum við ÁR líffræðilegs fjölbreytileika.*

*Samþykkt að skipa SS, ÁH og SMG í undirbúningsnefnd málþingsins. Einnig skal starfsmaður ELS koma að undirbúningi þingsins.*

## **9. Alþjóðlegt samstarf**

ÁH greindi frá niðurstöðum fundar vinnuhóps um framtíð NordGen sem haldinn var 12. maí sl. Fulltrúar í vinnuhópnum voru sammála um að æskilegast sé að halda stofnuninni innan norrænu ráðherranefndarinnar að því gefnu að nægilegt fjármagn fái til rekstursins og að viðunandi lausn/undanþága fái á 8 ára reglunni sk. Næstbesti kosturinn í stöðunni að mati hópsins sé að gera NordGen að alþjóðlegri stofnun sem væri fjármögnuð í gegnum fjárlög hvers aðildarlands. Síst hugnast vinnuhópnum að stofnunin verði vistuð hjá einu landi þar sem erfitt gæti reynst að ná samkomulagi milli landanna um slíkt. Frágangur á endanlegri skýrslu vinnuhópsins stendur yfir, enn ríkir óvissa um málið og endanlega niðurstaða fæst í júní.

EE greindi frá fundi sem hún er boðuð á í Helsinki í haust á vegum NordGen þar sem ekki virðist ljóst hvort ferðakostnaður verði greiddur. Rætt um nauðsyn þess að aðilar í norrænu samstarfi séu meðvitaðir um sérstöðu Íslendinga þegar kemur að ferðakostnaði og greiði slíkan kostnað fyrir nefndarmenn sína og þeim sé gert kleift að sækja fundi óháð búsetulandi.

*Samþykkt að ítreka það viðhorf nefndarinnar að greiðsla ferðakostnaðar er forsenda þátttöku íslenskra fulltrúa í norrænu samstarfi og fundum á jafnréttisgrundvelli.*

## **10. Önnur mál**

Bjarni Guðmundsson, forsvarsmáður Landbúnaðarsafns Íslands sendi nefndinni erindi þann 7. apríl sl. og óskaði eftir því að samstarfsflötur milli safnsins og nefndarinnar yrði skoðaður.

*Samþykkt að starfsmaður ELS ræði við Bjarna og finni flöt á hugmyndum þar sem hægt væri að kynna starf nefndarinnar í samstarfi við Landbúnaðarsafnið.*

## **11. Næsti fundur**

*Næsti fundur boðaður 1. október, kl. 13:30 á Keldnaholti.*

Ekki fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl.16:20.